

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	6.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Sorpstöð Fjarðarbyggðar	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ragna D. Davíðsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	741265,622 507688,102

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við seinna eftirlit ársins þann 6. nóvember var allur frágangur og umgengni á urðunarstað í Mýrdal góð. Tvö frávik fundust vegna krafna um botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma. Staðan á þessu frávikum er óbreytt frá 2017. Varðandi Gr. 2.8 í starfsleyfi verður sótt um undanþágu frá söfnun á gasi í nýrri umsókn. Starfsleyfi rann út 1. júlí 2018 en undanþága var veitt til 1. maí 2019. Unnið er að umsókn um endurnýjun starfsleyfis. Vegna þess fundaði fulltrúi HAUST með Rögnu Dagbjörtu Davíðsdóttur Verkefnastjóra umhverfismála hjá Fjarðabyggð og tveimur fulltrúum Verkfræðistofunnar Mannvits um nýtt starfsleyfi þann 17. október. Þar kom fram að stefnt er að því að senda umsókn til Umhverfisstofnunar um endurnýjun á starfsleyfi sem fyrst.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Við fyrra eftirlit var umgengni að nokkru leyti ábótavant, laus úrgangur var á hluta svæðisins en að mestu leyti var þó umgengni á urðunarstað ásættanleg. Urðun fer fram í skipulegum urðunarreinum, tvöfalt net er strengt yfir reinarnar þar til mokað er yfir þær. Merki eru um fok á úrgangi. Hluti eftirlits felst í sýnatöku úr sýnatökubrunni, skv. samkomulagi starfsleyfishafa um að HAUST annist sýnatöku af fráveituvatni frá urðunarstaðnum í Mýrdal, þar sem almennt sorp er urðað og voru sýni tekin í eftirlitsferðinni. Óskað var eftir rannsókn í samræmi við sýnatökur fyrri ára. Sýnin voru tekin úr sérstökum sýnatökubrunni á frárennsli frá urðunarstaðnum. Niðurstöður fylgja í viðhengi. Einnig myndir teknar við eftirlit.

Á vettvangi kom fram að

- Girðing um svæðið var í góðu ásigkomulagi og í henni var ekki fokefni.
- Ekki sáust merki um fok utan girðingar urðunarstaðarins.
- Eftirlitsaðila höfðu borist kvartanir frá landeiganda um að girðing væri ekki í lagi og sauðfé væri innan girðingar. Við eftirlit var staðfest að búið var að gera við girðinguna.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Frávik frá þriðja lið, viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, um botnpéttingar og jarðfræðilegan tálma á urðunarstöðum.

Kröfur er varða botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar í samræmi við ákvæði í viðauka I reglugerðar nr. 738/2003. Frá upphafi hefur botnpétting verið skv. ákvæðum reglugerðarinnar en ekki eru hliðarpéttingar. Óbreytt frá árinu 2016. Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar sem er í vinnslu en beðið er ítarlegri upplýsinga frá sveitarfélaginu. Gögnin voru send Umhverfisstofnun þann 13. desember sl. og er til skoðunar í stofnuninni.

Gr. 2.8 í starfsleyfi

Skv. gr. 2.8 í starfsleyfi skal rekstraraðili starfrækja kerfi til að safna hauggasi og eftir fremsta megni leitast við að nýta gasið en brenna það ellegar. Hauggassöfnun hefur ekki farið fram í Þernunesi. En búið er að sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir breytingum vegna þess að urðunarstaðurinn tekur við minna en 50 þúsund tonnum af úrgangi á rekstrartímanum og sé hauggasmyndun því undir viðmiðunarmörkum fyrir söfnun hauggass.

ÁBENDINGAR

Í fyrri eftirlitsferð var bent á nauðsyn þess að hylja úrgang í urðunarreinum betur, þannig að hann fyki ekki um svæðið.

Við seinna eftirlit hafði verið bætt úr þessum annmarka.

ANNAÐ

Starfsleyfi urðunarstaðarins var gefið út 27. febrúar 2008 og rann út 1. 7. 2018.

Unnið er að umsókn um endurnýjun starfsleyfis.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

27.12.2018


Halla Einarsdóttir

